



Unnur Brá Konráðsdóttir  
málshefjandi á Alþingi í  
umræðu um þjónustusamning  
við Íslenska ættleiðingu

## Jákvæðar umræður á Alþingi

Fyrir hálfum mánuði komu málefni ættleiðingarfélagsins til umræðu á Alþingi. Fjórir þingmenn, þar á meðal Innanríkisráðherra, komu alls sex sinnum í pontu og var umræðan jákvæð og málefnaleg.

Það var Unnur Brá Konráðsdóttir sem átti frumkvæði að umræðunni með því að spyrja ráðherra hvenær gert sé ráð fyrir að gerður verði þjónustusamningur við Íslenska ættleiðingu, hversu lengi enginn slíkur samningur hefur verið í gildi og hverjar skyldur félagsins séu samkvæmt lögum.

Þessu svaraði ráðherrann og við þetta tækifæri tóku einnig til mál þingmennirnir Jónína Rós Guðmundsdóttir, sem hefur áður rætt málefni ættleiðingarfélagsins á Alþingi og Kristján Möller blandaði sér einnig í samræðuna með vafnigalusri spurning til ráðherra um hvað hann hafi lagt til að hlutur ættleiðingarfélagsins verði í krónum talið.

Ráðherrann gaf greinargóð svör og er ljóst að allir sem til máls tóku hafa nokkurn skilning á að störf Íslenskrar ættleiðingar eru mikilvæg og félagið gegnir þýðingarmiklu stjórnsýslulegu hlutverki.

Jafnframt er ljóst að engin breyting verður á mun ættleiðingarfélagið ekki fá það endurgjald sem þarf til að standa undir kostnaði við lögbundin verkefni sín.



## Þökkum þeim fyrir

Það er mikilvægt að þakka það sem vel er gert og mikilvægt að alþingismenn finni að félagar í Íslenskri ættleiðingu meta það við þá þegar þeir taka málefni ættleiðinga upp á sína arma.

Einn félagsmaður hafði samband við okkur og sagðist hafa orðið mjög glaður við að hlusta á umræðuna á Alþingisvefnum og í kjölfarið brást hann við með því að þakka viðkomandi þingmönnum í tölvupósti.

Þetta er frábær hugmynd og ástæða til að hvetja félagsmenn til að bregðast við með sama hætti. Það er t.d. hægt að senda svona kveðju:

Ágæti þingmaður.

Ég hef lesið samræðuna sem þú tókst þátt í um þjónustusamning við ættleiðingarfélagið á Alþingi þann 24. september síðastliðinn.

Umræðan var jákvæð og málefnaleg og ég vil þakka þér fyrir þína þátttöku.

Það er ljóst að Íslensk ættleiðing þarf á þínum stuðningi að halda svo félagið geti haldið áfram lögbundinni starfsemi á næsta ári.

Góðar kveðjur,

Nafnið þitt...

**Nöfn og netföng þingmannanna eru þessi:**

- \* Unnur Brá Konráðsdóttir - [ubk@althingi.is](mailto:ubk@althingi.is)
- \* Ögmundur Jónasson – [ogmundur@althingi.is](mailto:ogmundur@althingi.is)
- \* Jónína Rós Guðmundsdóttir – [jrg@althingi.is](mailto:jrg@althingi.is)
- \* Kristján L. Möller – [klm@althingi.is](mailto:klm@althingi.is)

## Munið að svara

## Rannsókn á líðan og stuðningi

Nú hafa verið sendir út spurningalistar í rannsókninni „Viðbrögð, líðan og stuðningur kjörforeldra á Íslandi í kjölfar ættleiðingar barna erlendis frá“. Við hvetjum þá sem fengið hafa senda spurningalista í tölvupósti að bregðast við og svara, því þannig verður til ný þekking.



Rannsóknin er gerð á vegum félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands og er lokaverkefni Heiðu Hraunberg Þorleifsdóttur til meistaraþráðu í félagsráðgjöf en Heiða Hraunberg er einnig kjörmóðir.

*Heiða Hraunberg meistaranemi í félagsráðgjöf*

Markmið rannsóknarinnar er að fá upplýsingar um sálfélagslega líðan kjörforeldra á Íslandi í kjölfar ættleiðingar barna erlendis frá með höfuðáherslu á depurðar- og þunglyndiseinkenni. Slík einkenni hafa í mörgum rannsóknum verið skilgreind sem ættleiðingarþunglyndi og er hér ætlunin að kanna tíðni, eðli og viðbrögð við einkennunum.

Ætlunin er meðal annars að bera saman niðurstöður við sambærilegar rannsóknir sem gerðar hafa verið erlendis og fá þannig betri yfirsýn yfir tíðni og eðli hér á Íslandi. Annað markmið er að kanna hvers konar aðstoð þátttakendur leita eftir vegna vanlíðunar og hvernig þeir skilgreina þörf sína fyrir þjónustu fagaðila/annarra hvað varðar stuðning eftir ættleiðingu og hversu aðgengilega þeir telja hana vera.

©2012 IÆ | Íslensk Ættleiðing, Skipholtí 50b, 105 Reykjavík

This email was sent to [kristinn@isadopt.is](mailto:kristinn@isadopt.is). To ensure that you continue receiving our emails, please add us to your address book or safe list. View this email on the web [here](#). You can also [forward to a friend](#).

[Unsubscribe](#)

Powered by [Mad Mimi](#) ®